

þjer, herra landshöfðingi, þjónustusamlega beðnir að sjá um, að fjenu verði skilað aptur landssjóðnum, á þann hátt, að öðru eins sje haldið eptir af launum hlutadeiganda. **140**
26. okt.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um legorðssök prestaskólakandídat.* — Út af bænarskrá þeirri frá prestaskólakandídat N. N., er þjer senduð hingað, herra landshöfðingi, með þóknanlegu brjefi 25. sept. þ. á., þar sem hann sækir um allramildilegasta uppreisn á legorðssök, skal yður þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutadeiganda, að með því að eigi eru liðin 2 ár síðan yfirsjónin var framin, verður bæn þessi eigi veitt. **141**
3. nóv.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um nýtt brauðamat og nýja brauðskipun og kirknaskipun m. fl.* — Samkvæmt allraþegnsamlegustum tillögum ráðgjafans, að fengnu brjefi yðar, herra landshöfðingi, frá 19. septbr. þ. á., hefir hans hátign konunginum 5. þ. mán. þóknazt allramildilegast að fallast á:

1. að stíptsyfirvöldunum á Íslandi verði skipað, að láta fram fara nýtt mat á öllum brauðum á Íslandi, eptir nánari reglum, er þau setja fyrir því, og að semja síðan tillögur um nýja brauðskipun og kirknaskipun; skal bera tillögur þessar undir fundi, er halda skal í júnímánuði næsta ár í prófastsdæmi hverju, og allir prestar prófastsdæmisins skulu til sækja og einn maður kjörinn úr hverri sókn í prófastsdæminu af öllum búandi mönnum í sókninni, þeim er gjalda til prests og kirkju, og skulu fundir þessir segja álit sitt bæði um skipun brauða og kirkna og um gjöld til prests og kirkju; og

2. að allramildilegast verði veitt ráðgjafanum fyrir Ísland umboð til að skipa nefnd, er stíptsyfirvöldin hafi sæti í og 3 menn aðrir, og sem semji að fengnum áminnztum skýrslum frumvörp til laga um skipun málefna þeirra, er hjer ræðir um.

Um leið og þetta er birt yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og ráðstöfunar, skal yður þjónustusamlega falið á hendur að skipa áminnzta nefnd, þannig, að í henni eigi sæti auk amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu sem forseta nefndarinnar og biskupsins yfir Íslandi, þrjú menn, er þjer hafið bent á, þeir prófastur sira Þórarinn Böðvarsson, Dr. Grímur Thomsen og hreppstjóri Einar Ásmundsson. Yður er þar að auki falið, herra landshöfðingi, að ákveða þóknun þá, er kynni að mega veita nefndarmönnum fyrir starfa sinn, og skal greiða þóknun þessa af fje því, sem til tekið er í 16. gr. fjárlaganna fyrir 1878—79, og eins annan kostnað, er nefndarskipun þessi kynni að hafa í för með sjer.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um aðflutningsgjald af áfengum drykkjum.* — Reikningsskilin um árið 1876 fyrir innheimtu aðflutningsgjalds þess á brennivíni og öðrum áfengum drykkjum, er lögboðið er í lögum 11. febr. 1876, 1. gr., bera með sjer, að eigi hafi menn verið á eitt sáttir í öllum lögsagnarumdæmum landsins um það, hvort telja skuli nokkur vínföng, er nánara eru tilgreind, með «brennivíni og vínanda» eða með «öðrum vínföngum». Hafið þjer því, herra landshöfðingi, í þóknanlegu brjefi 17. septbr. þ. á., fyrst látið þess getið, að skilja muni eiga orðin «brennivín og vínanda» í 2. lið fyrstu greinar í strangri merkingu, og þá lagt það til, að svo skyldi fyrir mælt, að aðflutningsgjald af rommi, konjaki, írsku brennivíni (Whisky) og **143**
8. nóv.

143 einirberja-brennivíni (Genève), og af alls konar kryddvínunum, sem til eru búin úr áfengum
8. nóv. drykkjum, skuli heimta samkvæmt 4. lið 1. greinar í lögum 11. febr. 1876.

Út af þessu skal yður þjónustusamlega tjáð, herra landshöfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar, að tillögur yðar eru hjer með samþykktar.

144 — *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um lán úr viðlaga-*
8. nóv. *sjóði.* — Í þóknanlegu brjefi 4. f. m. hafid þjer, herra landshöfðingi, lagt það til, samkvæmt þar að lútandi bænarskrá, að veitt verði Stefáni prófasti P. Stephensen, alþingismanni fyrir Ísafjarðarsýslu, 6600 króna lán úr viðlagasjóði, gegn 4% í vöxtu á ári og gegn handfengnu veði í konunglegum 4% skuldabryfum ásamt tilheyrandi vaxtaseðlum, sem nema 8800 kr., og með þeirri skuldbindingu, að endurborga lánið eptir uppsögn með missirisfyrirvara; og getið þjer þess, að Stefán prófastur hafi skýrt yður svo frá munnlega, að hann ásamt nokkrum bændum í sýslunni ætlaði lánið til að kaupa þiljuskip til hákarlaveiða.

Út af þessu skal yður þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar, birtingar og frekari ráðstafana, að hið umbeðna lán veitist hjer með eptir atvikum, með framangreindum kostum, og með því skilyrði, að láninu sje varið til þess, sem beiðandi hefir sagt. Þar sem þjer, herra landshöfðingi, hafid spurt, hvort þjer munduð, ef til kæmi, mega ávísu fjenu úr aðalfjárhirzlunni, skal eigi látið undan falla að bæta því við, að um greiðslu úr henni verður að snúa sjer til hlutaðeigandi ráðherra.

145 — *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um breytingu á kon-*
9. nóv. *ungsúrskurði 12. apríl 1834 m. fl.* — Eptir allraþegnsamlegustum tillögum mínum hefir hans hátign konunginum 7. þ. mán. þóknast allramildilegast að skipa fyrsta meðdómanda í hinum íslenska landsyfjirjetti, Jón Pjetursson, dómstjóra í tjeðum rjetti, og annan meðdómanda og dómsmálaritara í fyrnefndum rjetti, Magnús Stephensen, fyrsta meðdómanda í rjettinum, og að fallast á, að konungsúrskurði 12. apríl 1834 sje breytt þannig, að þýðingu dómsgjörða í opinberum málum og gjafsóknarmálum, er skotið er til hæstarjettar, úr íslenzku á dönsku, sem hingað til hefir verið af hendi leyst af fyrsta meðdómanda í landsyfjirjettinum fyrir þóknun sjer í lagi, skuli þessi embættismaður eptirleidis hafa á hendi endurgjaldslaust.

Þetta er eigi látið undan falla að tilkynna yður, herra landshöfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar.

146 — *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um fram-*
16. nóv. *færsluskýldu stjúp barns.* — Hreppsnefndin í Hraungerðishreppi í Árnessýslu hefir áfrýjað til mín úrskurði yðar, herra amtmaður, frá 16. marz þ. á., um að Bergur bóndi Bergsson í Kálfhaga hafi ekki verið skyldur til að leggja annan framfærslustyrk með stjúpfoður sínum, Magnúsi Erlendssyni, er átti sveit í áminnztum hreppi og dó í fyrra sumar, en þann, sem hann með sjerstökum samningi kann að hafa skuldbundið sig til að greiða. Af skjölum málsins sjest, að eptir að þau hjón, móðir Bergs og stjúpfaðir hans, höfðu skilið að samvistum og skipt með sjer eigum sínum, án þess að nokkur reglulegur hjónaskilnaður hefði átt sjer stað, tók Bergur stjúpfoður sinn til sín sem matvinnung, en